

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hundahald í Hveragerðisbæ, nr. 1356/2018.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerði skulu greiða gjöld sem hér segir:

Skráningargjald kr. 17.140

Árgjald fyrir hundaleyfi kr. 17.140

Eigendur skráðra hunda greiða ekki handsömunargjald í tvö skipti á ári.

Árgjaldið greiðist fyrir fram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið í hundahaldi og 25% afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega.

2. gr.

Auglýsing þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar 8. desember 2022 með heimild í samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 555/2007 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

Hveragerði, 8. desember 2022.

Geir Sveinsson bæjarstjóri.